

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1510  
komudagur 7.3.2007

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

  
LANDVERND

Reykjavík 7. mars 2007

**Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.**

Allar jarðrænar auðlindir landsins eru takmarkaðar; vatnsafl, jarðhiti, grunnvatn og jarðhiti. Vatnsvernd á landvísu er lítið sinnt, en grunnvatnið okkar gæti orðið stærsta auðlind okkar í fyrirsjáanlegum vatnsskorti heimsins einhvern tíma á þessari öld. Jarðefni á landi eru takmörkuð og ekki endurnýjanleg í þeim mæli, sem þau eru numin, og á þeim tímakvarða, sem endurmyndun þeirra krefst, auk þess sem þeim fylgir gífurlegt umhverfisrask í landslagi og náttúrumenjum. Það er því afar mikilvægt að löggjöf um nýtingu jarðrænna auðlinda sé þannig upp byggð að hún tryggi sjálfbæra nýtingu auðlinda og sporni gegn hverskyns rányrkju.

**Landeigendum falið að stýra auðlindanýtingu**

Ekki fæst betur séð en að í frumvarpinu afsali stjórnvöld sér stýringu á nýtingu jarðrænna auðlinda á landinu, þar sem landeigendum er falið vald til rannsókna og nýtingar að uppfylltum formlegum skilyrðum. Samkvæmt gildandi lögum þarf leyfi stjórnvalda fyrir nýtingu sem er yfir tilteknum mörkum og þannig hefur stjórnvöldum verið gert kleift að stýra nýtingunni, staðsetningu hennar og nýtingarhraða. Slík auðlindastjórnun er oft talin vera einn af hornsteinum hagrænnar stjórnunar stjórnvalda á efnahagslífinu og hagkerfinu.

Vandséð er að hverskyns rammaáætlanir stjórnvalda geti þjónað sínum tilgangi þegar ákvörðunarvaldið um nýtinguna hefur verið fært til landeigenda eins og virðist vera tilfellið í frumvarpinu. Þar með er skipuleg umhverfisvernd líka farin veg allrar veraldar. Án stýringar á auðlindanýtingunni er afar ólíklegt að gengið verði vel um auðlindir og þeim skilað til komandi kynslóða í anda sjálfbærrar þróunar. Sú hættu vofir yfir að veruleg sóun verði á verðmætum auðlindum án stjórnvaldsstýringar. Líkur eru á að til þess að ná skjótfengnum gróða út úr auðlindum muni landeigendur fleyta arðbærasta rjóminn ofan af þeim, sbr. það sem síðar segir um jarðvarma til raforkuframleiðslu án þess að samhliða sé rekin hitaveita, þvert á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Stjórnvöld verða því að halda eftir í sínum höndum valdi og rétti til að stýra nýtingu allra meiri háttar einstakra auðlinda, hvað varðar nýtingartíma, nýtingarhátt – og þar með nýtingarhlutfall – og nýtingarhraða, eins og gerlegt er á grundvelli gildandi laga. Hitt er svo annað mál, að landeigendum verði færður aukinn réttur til að ákveða, hver fær að nýta í miklum mæli auðlindir á löndum þeirra, þegar og ef til þess kemur.

## Ófyrirsjáanlegar afleiðingar vegna bráðabirðgaákvæða

Í bráðabirgðaákvæðum frumvarpsins er lagt til að iðnaðarráðherra skili tillögum um nýtingu fyrir 1. jan 2010 og að umhverfisráðherra skili tillögu að verndaráætlun fyrir sama tíma. Þá kemur skv. frumvarpinu í hlut forsætisráðherra að láta vinna frumvarp um verndar- og nýtingaráætlun á grundvelli tillagna frá iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Þessi aðferðarfræði sem slík kann að vera leið til þess að sætta verndunarsjónarmið og virkjunarsjónarmið. Landvernd lýsir sig reiðubúna til þess að koma að þessum störfum bæði á vettvangi iðnaðarráðuneytisins og á vettvangi umhverfisráðuneytisins.

Í frumvarpinu er hinsvegar horft framhjá því að áður en tillaga forsætisráðherra mun liggja fyrir líða meira en þrjú ár. Búast má við því að á þeim tíma verði teknar ákvarðanir og stigin skref í átt að aukninni álframleiðslugetu á Íslandi um hátt í 800.000 tonn (Helguvík, Straumsvík og Húsavík). Fyrir þá aukningu þyrfti að virkja sem nemur 1,600 MW afli eða sem samsvarar liðlega 2 Kárahnjúkavirkjunum. Að óbreyttu er því ómögulegt að sjá sáttina sem þessu frumvarpi er ætlað að skapa.

Á þeim árum sem líða þar til tillögur forsætisráðherra munu liggja fyrir má búast við því að sveitarfélög setji virkjanir og álver inn í skipulagsáætlanir sínar. Einnig má búast við því að fram fari mat á umhverfisáhrifum fyrir virkjanir og álver. Sveitarstjórnir, orkufyrirtæki og álfyrirtæki munu nota tímamann til þess að undirrita viljayfirlýsingar og leigusamninga af ýmsu tagi og byggja þannig upp væntingar á meðal íbúa. Erfitt verður fyrir stjórnálamenn að snúa þeim ferlum við þegar nýtingar og verndunaráætlun mun líta dagsins ljós í fyrsta lagi á árinu 2010.

## Stórfelld virkjunaráform í deiglunni

Rétt er að halda því til haga að orkufyrirtækin og stóriðjufyrirtækin eru þegar með áform um að nánast gjörnýta þá virkjunarkosti sem landið hefur upp á að bjóða. Nærri helmingur alls vatnsafls landsins hefur verið virkjaður og nú virðast menn ætla að ganga vasklega fram í nýtingu jarðvarma. Þessu til rökstuðnings fylgja 2 glærur úr fyrirlestri Landverndar um stóriðju og orkuþörf þar sem sýnt er að orkuþörf stóriðjuáforma á SV-horninu til ársins 2015 samsvara gjörnýtingu orkukosta allt frá Búðarhálsi og vestur á Reykjanes.

Af efnahagslegum og tæknilegum ástæðum eru jarðhitasvæði jafnan rekin yfir þolmörkum sem þýðir að hægt er að reka þau í einhverja áratugi og síðan þarf að hvíla þau, líklega í fleiri áratugi. Það er því mikilvægt að nýta svæðin vel meðan þau eru í vinnslu. Þegar jarðvarmi er nýttur einvörðungu til raforkuframleiðslu er aðeins verið að nýta lítinn hluta auðlindarinnar þrátt fyrir að hratt sé gengið á orkuforða svæðanna. Með því að „fleyta rjómann“ af auðlindinni með þessum hætti eru líkur á að komið sé í veg fyrir sjálfbærari nýtingu komandi kynslóða á þessum auðlindum.

Það sem gerir áform orku- og iðju fyrirtækjanna enn ógnvænlegri er að eftir gjörnýtingu orkukosta frá Búðarhálsi og vestur á Reykjanes vantar enn 3,8 TWst til þess að hugsanlegt álver í Helguvík geti notið hagkvæmni stærðarinnar. Krafa álvera um aukna stærð kom líklega fyrst fram í skýrslu iðnaðarráðherra, Finns Ingólfssonar, árið 1997 þegar rætt var um 720.000 tonna álver sem Hydro hafði í hyggju að reisa. Þar sagði m.a:

*„Framleiðslugeta álversins yrði í upphafi að minnsta kosti 200.000 tonn á ári. Álver hafa farið stækkandi á undanförunum árum og til þess að nýta hagkvæmni stærðarinnar verður að gera ráð fyrir að tvöfalda megi framleiðslugetu álversins að nokkrum árum liðnum.“*

Síðan hafa komið fram fjölmargar vísbendingar þess efnis að álver þurfi að vera mun stærri en sem nemur 250.000 tonn. Nægir þar að benda á Alcan í Straumsvík sem nú vill auka framleiðslugetu sína upp í 460.000 tonn. Einnig er rétt að halda til haga orðum Thorsteins Dale Sjötveit, aðstoðarforstjóra Hydro í Speglinum 16. nóvember s.l:


*„Álverið sem við erum að byggja í Katar núna framleiðir 600.000 tonn og við lítum á það sem skynsamlega stærð. Við erum þó einnig þeirrar skoðunar að byggingaráfangar með framleiðslugetu upp á 250 – 300.000 tonn geti verið góð og skilvirk álver.“*

Til þess að stemma stigum við það óefni sem orkufyrirtækin, sveitarstjórnir og stóriðjufyrirtækin virðast stefna í mælir Landvernd með því að þar til áætlun forsætisráðherra liggur fyrir verði komið í veg fyrir frekari ákvarðanir um uppbyggingu á stóriðju og virkjunum fyrir þær. Ákvæði um þessháttar biðlund þyrfti að setja inn í frumvarpið sem hér er til umræðu. Þessi tillaga Landverndar er í samræmi við bókun aðalfundar 2006 þar var varað var við frekari ákvörðunum þar til 2. áfangi rammaáætlunar liggur fyrir. Ætla má að 2. áfangi rammaáætlunar líti dagsins ljós um svipað leyti og umrædd áætlun forsætisráðherra á að líta dagsins ljós.

Frá aðalfundi Landverndar, 29. apríl s.l:

*„Aðalfundur Landverndar varar við frekari stóriðjuáformum með tilheyrandi umhverfisspjöllum vegna orkuöflunar, línulagna og mengunar. Aðalfundurinn beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að biða með frekari ákvarðanir um framkvæmdir a.m.k. þar til lokið verður við 2. áfanga rammaáætlunar.“*

Með vinsemd og virðingu

  
Bergur Sigurðsson,  
framkvæmdastjóri Landverndar

## Raforkukostir frá Búðarhálsi vestur á Reykjanes



## Orkubörf stóriðjuáforma á suðvesturhorninu

- **Helguvík**
- 1. áfangi 125.000 tonn = 250 MW afl = 1.9 TWst
- 2. áfangi 250.000 tonn = 500 MW afl = 3,8 TWst
  - ? 3. áfangi 370.000 tonn = 750 MW afl = 5,7 TWst
  - ? 4. áfangi 500.000 tonn = 1.000 MW afl = 7,6 TWst
- **Stækkun í Straumsvík kallar á 4,4 TWst**
- **Orkubörf stóriðjuáforma á suðvesturhorninu er því um 8,2 TWst til 2015.**



Heimildir: Matsáætlun Norðurláls fyrir álver í Helguvík og matsskýrsla fyrir stækkun álversins í Straumsvík.